



BYGGÐASTOFNUN

Ákvörðun Á-2/2024

Um breytingu á póstnúmeraskrá

1. MÁLSMEÐFERÐ

(1) Beiðni Kjósarhrepps um breytingu á póstnúmeraskrá þannig að póstnúmerið 276 heiti eftirleiðis „276 Kjós“ í stað „276 Mosfellsbær“ barst Byggðastofnun í mars 2023 með tölvuskeyti. Rök Kjósarhrepps voru þau að heiti póstnúmersins væri að valda misskilningi og yrði til þess að alls kyns sendingar kæmst ekki til skila til viðtakenda í Kjósinni.

(2) Lagagrundvöllur breytinga á póstnúmeraskrá er sá að samkvæmt 15. gr. laga nr. 98/2019 um póstpjónustu ákvarðar Byggðastofnun landfræðileg mörk póstnúmera og gefur út póstnúmeraskrá og landfræðilega þekju póstnúmera. Breytingar á póstnúmeraskrá skulu ekki gerðar nema að höfðu samráði við Þjóðskrá Íslands. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 400/2020 eru það einungis póstrekendur, sveitarfélög og opinberir aðilar sem geta gert kröfu um að póstnúmerum eða landfræðilegri þekju póstnúmera sé breytt.

(3) Beiðni Kjósarhrepps var send til umsagnar alþjónustuveitanda, Íslandspósts ohf. Umsögn Íslandspósts barst Byggðastofnun í apríl 2023 og var send áfram til sveitarstjóra Kjósarhrepps. Alþjónustuveitandi lagðist gegn breytingunni á þeim grunni að hún gæti valdið vandkvæðum við dreifingu póstsendinga sem engin hafi verið fyrir, auk þess sem vísað var til sjónarmiða um stöðugleika og þeirrar staðreyndar að ekki væri skilyrði um það í lögum að póstnúmer og landfræðileg þekja þeirra fylgdi sveitarfélagamörkum.

(4) 25. nóvember 2023 barst Byggðastofnun tölvuskeyti frá Kjósarhrepp þar sem umsögn og rökum alþjónustuveitanda var andmælt.

NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

(5) Með tölvuskeyti dags. 4. desember 2023 var Kjósarhrepp kynnt að málið væri enn til umfjöllunar hjá Byggðastofnun og alþjónustuveitanda en rök Byggðastofnunar fyrir því að ekki hefði verið fallist á beiðnina þegar hún barst væru í stuttu máli þau að póstnúmerakerfið hafi verið búið til í sérstökum tilgangi (að tryggja dreifingu á pósti) og sérhver önnur notkun á póstnúmerum væri á ábyrgð þess aðila sem notar póstnúmer til einhvers konar aðgreiningar í sinni þjónustu. Slík notkun annarra en póstrekenda geti ekki eitt og sér verið ástæða til að breyta kerfinu. Kerfinu yrði því ekki breytt ef alþjónustuveitandi í pósti legðist eindregið gegn því en Byggðastofnun hafi beðið alþjónustuveitanda um að endurskoða afstöðu sína.

(6) Með tölvuskeyti dags. 15. mars 2024 tilkynnti alþjónustuveitandi Byggðastofnun að eftir frekari skoðun innanhúss þá sé niðurstaðan sú að Íslandspóstur ohf., sem alþjónustuveitandi póstpjónustu, geri ekki athugasemdir við breytingu á póstnúmeraskrá þannig að póstnúmerið 276 heiti eftirleiðis „276 Kjós“ í stað „276 Mosfellsbær“.

(7) Í ljósi breyttrar afstöðu alþjónustuveitanda telur Byggðastofnun að breyting á heiti póstnúmersins 276 sé ekki til þess fallin að valda vandkvæðum við dreifingu póstsendinga á svæðinu eins og málið er vaxið og telur því rétt að verða við beiðni Kjósarhrepps. Breytingin tekur gildi þegar í stað.

(8) Byggðastofnun áréttar að eftir sem áður gildir sú grundvallarregla að póstnúmerakerfið hafi verið búið til í sérstökum tilgangi (að tryggja dreifingu á pósti) og sérhver önnur notkun á póstnúmerum sé á ábyrgð þess aðila sem notar póstnúmer til einhvers konar aðgreiningar í sinni þjónustu.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

1. Ritun póstnúmersins 276 skal hér eftir verða „276 Kjós“ í stað „276 Mosfellsbær“. Breytingin tekur gildi þegar í stað.
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk

vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Sauðarkrókur 20. mars 2024

Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs

Arnar Már Elíasson, forstjóri